



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 17. maí 2022

Fundur: 4. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Zoom

Mætt:

Aðalstjórn: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

Varastjórn: Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi.

Fundarboðun samþykkt.

Fundargerð fundar 3 samþykkt rafrænt á milli funda.

2. FRÍdagurinn haldinn

FRÍdagurinn var haldinn þann 7. maí. Ágæt mæting var úr hreyfingunni, og miklar umræður sköpuðust. Niðurstöður voru teknar saman og verður unnið með áfram.

3. Afmælistótt FRÍ

Farið yfir stöðu á afmælistótti FRÍ sem haldið verður á Selfossi í lok maí. Vel gengur að manna mótið af íslenskum og erlendum þátttakendum. Skipulagi er einnig að ljúka varðandi hátíðarhöld á staðnum. Þá er verið að staðfesta umfjöllun fjölmiðla um mótið.

4. Tilfærsla á MÍ í þraut í Kópavog

MÍ í þraut hefur verið flutt yfir til Breiðabliks. Stjórn lýsti yfir miklu þakklæti til Breiðabliks fyrir að bregðast svo vel við.

5. Hlaupamálefni - sbr. innsend erindi

Miklar og góðar umræður fóru fram um innsend gögn.

Rætt um reglugerðir varðandi MÍ í hlaupum - hvað er á ábyrgð FRÍ og hvað hlaupahaldara. Grunnhugmyndir komnar á blað en yfirfara þarf texta og setja fram á skipulagðan hátt. Einnig þarf að skoða reglugerð varðandi framkvæmd götuhlaupa. Þar er talað um birtingar í afrekaskrá, innan ákveðins tímaramma og að hlaupari geti verið skráður án félags sem gengur gegn lögum ÍSÍ. Rætt um að misræmi sé varðandi reglugerðir götuhlaupa hjá FRÍ. Fara þarf yfir feril málsins fram að þessu, og hvar hún stendur nú.

Ákveðið að stjórn FRÍ skoða málið með laganefnd, langhlaupanefnd og dómaranefnd FRÍ til þess að tryggja að nógildandi og komandi reglugerð samræmist lögum ÍSÍ.

Afreakskrá - setja inn í reglugerð þann tímaramma sem hægt er að standa við.

Ákveðið var að bíða með kröfur um að þátttakendur klæðist félagsbúningum í keppni.

Félagsaðild- Íslandsmeistaratitill. Nokkur umræða skapaðist um málið og virðist nokkuð ljóst að ekki sé hægt að slaka á kröfu um að Íslandsmeistarar séu skráðir í félag.

Mál unnið áfram af stjórn og skrifstofu á milli funda.

6. Staða þingritunar

Upplýst var að þingritarar hafa lokið störfum og verður skilað inn á næstu dögum.

7. Staða fjárhagsmála

Farið yfir fjárhagsstöðu í samandregnu uppgjöri rekstrar fyrsta ársfjórðungs, sem sent hafði verið á stjórn fyrir fund. Gert grein fyrir því að einhverjar greiðslur áætlaðar á fyrsta ársfjórðungi eigi eftir að berast. Sérstaklega rætt um mögulega aukinn kostnað vegna hækkunar á flugfargjöldum.

8. Önnur mál

Fjallað var um umgjörð móta og hvernig megi bæta hana. Lagt til að ítreka tilmæli FRÍ um utanumhald við alla mótshaldara meistaramóta komandi tímabils. Einnig verði þeir boðaðir á undirbúningsfund með starfsmönnum FRÍ þar sem farið er yfir helstu atriði sem þarf að tryggja að séu í lagi. Ákveðið að fela skrifstofu FRÍ til nánari útfærslu.

Stjórn samþykkir tillögu orðunefndar varðandi heiðranir á afmælistóti FRÍ.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 18.00